




MYLLUBAKKASKÓLI

Tilefni fundar			
FUNDARGERÐ	Aukafundur Foreldrafélags Myllubakkaskóla		
Dags. fundar 23.08.2023	Tími 20:00 –	Staður Library	Nr. Fundar 2
Fundarboðandi Helena Bjarndís Bjarnadóttir	Fundarritari Ingunn Anna Ragnarsdóttir		Fj. bls. 1

Mættir voru: Helena Bjarndís Bjarnadóttir, Katrín M. Aradóttir og Ingunn Anna Ragnarsdóttir.
Fjarverandi: Bjarney S. Annelsdóttir og Karólína Björg Óskarsdóttir

Dagskrá og helstu niðurstöður.

Atriði nr.	Lýsing
1.	Samþykki fundargerðar Fyrri fundargerð var þegar samþykkt.
2.	Ástandið í Myllubakkaskóla. Póstur frá Hlyni skólastjóra 21.ágúst 2023 Kæru foreldrar/forráðamenn og nemendur Takk fyrir samhuginn og baráttukveðjurnar. Eins og kom fram í síðasta tölvupósti þurfum við að endurskipuleggja skólastarfið vegna breytinga á afhendingu skólahúsnæðis og til þess þurfum við tíma. Við lögðum því inn ósk þess efnis að færa skólasetningu til mánudagsins 28. ágúst, sú beiðni var samþykkt. Ég biðst velvirðingar á þeirri röskun sem breytt skólasetning mun hafa í för með sér. Sumarfrístund lýkur kl.15:00 þriðjudaginn 22. ágúst og byrjar Frístund svo aftur samhliða skólanum mánudaginn 28. ágúst. Starfsfólk frístundar þarf tíma til að skipuleggja starfið í breyttum aðstæðum. Nemendur mæta á skólasetningu með foreldrum sínum á mánudaginn. Að því loknu kveðja börnin foreldra sína og halda skóladeginum áfram samkvæmt stundatöflu. Þeir sem eru skráðir í frístund halda deginum sínum áfram eftir að formlegum skóladegi lýkur. Við endurskipulagningu höfum við reynt að skerða skólastarfið sem minnst, en vegna húsnæðisleysis þá þurfa árgangar að samnýta kennslustofur á misjöfnum tíma dagsins. Hér fyrir neðan eru drög að skipulagi hjá hverju stigi fyrir sig. 1. - 4. bekkur . Stundatafla yngsta stigs breytist ekki. . Nemendur verða í kennslustofum á skólalóð Myllubakkaskóla og nýta sér útisvæði skólans. . Nemendur borða hádegismat inni í kennslustofum. . Frístund verður staðsett hjá Myllubakkaskóla. . Sund- og íþróttatímar verða í Vatnaveröld og í íþróttahúsinu við Sunnubraut. 5. - 7. bekkur . Nemendur á miðstigi verða búnir fyrr á daginn. . Kennarar munu senda nánari upplýsingar og stundatöflur síðar í vikunni. . Nemendur verða búnir í skólanum flesta daga á milli kl. 12:30 og 13:10. . Nemendur mæta í skólann kl. 8:10 í Akademiunni. . Nemendur borða hádegismat í Akademiunni. . Sund- og íþróttatímar verða í Vatnaveröld og í íþróttahúsinu við Sunnubraut.



MYLLUBAKKASKÓLI

	<p>8. - 10. bekkur</p> <ul style="list-style-type: none">. Nemendur mæta í skólann í Akademiunni frá mán. - fim. kl. 12:00 - 15:00.. Kennarar munu senda nánari upplýsingar og stundatöflur síðar í vikunni.. Föstudagar verða íþrótt- og sunddagar og mæta nemendur í skólann á misjöfnum tíma þann daginn. Nánara skipulag kemur síðar.. Lögð verður meiri áhersla á heimanám og sjálfstæða vinnu á morgnana sem nemendur skila inn þegar þeir mæta í skólann.. Nemendur hafa ekki tækifæri á að borða hádegismat í skólanum en koma með nesti með sér. <p>Vonandi klárast framkvæmdir sem fyrst svo eðlilegt skólastarf geti hafist á ný.</p> <p>Kær kveðja, Hlynur Jónsson Skólastjóri Myllubakkaskóla</p>
3.	<p>Boðun foraldrafundar.</p> <p>Boðaður verður foreldrafundur föstudaginn 25. ágúst 2023 frá kl:16:00-18:00. Helena verður fjarverandi en Katrín tekur við fundarstjórn í hennar fjarveru. Stjórnendur Myllubakkaskóla munu mæta á fundinn ásamt Helga Arnarsyni, fræðslustjóra Reykjanesbæjar og Gissur Hans Þórðarson (Hansi) hjá OMR verkfræðistofu sem fer með stjórn framkvæmda</p>
6.	<p>Önnur mál.</p> <p>Engin önnur mál.</p>